

Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017

1. Tengiliður	
1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Gró Einarsdóttir
1.6 Netfang tengiliðar	Gro.einarsdottir@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1289
2. Lýsigögn uppfærð	
2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	26. febrúar 2019
3. Framsetning	
3.1 Lýsing á gögnum	Rannsókn gerð á launamuni eftir bakgrunni, skipt í innlenda og innflytjendur. Gögn rannsóknarinnar voru unnin úr gagnasafni launarannsóknar Hagstofunnar.
3.2 Flokkunarkerfi	Eins og í öðrum birtingum Hagstofunnar er áhersla á að beita viðurkenndum, alþjóðlegum flokkunarkerfum. Í rannsókninni var eftirfarandi þremur flokkunarkerfum beitt: <ul style="list-style-type: none">ÍSTARF-95: Störf í gagnasafninu voru flokkuð í samræmi við aðra útgáfu íslenskrar starfaflokkunar frá árinu 1995, ÍSTARF95. Starfaflokkunin byggir á alþjóðlega starfaflokkunarkerfinu ISCO-88 sem Alþjóðavinnuáráðuneyðingunni (ILO) gaf út. Í rannsókninni var unnið með starfaflokkun á fjórða staf. Frekari upplýsingar um ÍSTARF95 má finna hér: https://hagstofa.is/media/42603/istarf95_2utg_allt.pdf

- ÍSAT2008: Fyrirtæki í gagnasafninu voru flokkuð í atvinnugreinar í samræmi við íslenska atvinnugreinaflokkun frá árinu 2008 sem byggð er á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE rev.2. Þar sem há fylgni var milli starfa og atvinnugreina í gagnasafni rannsóknarinnar voru aðeins störf notuð í endanlegum útreikningum á launamun eftir bakgrunni. Fyrst og fremst var horft til atvinnugreinabálka til að meta þekju gagnanna og til að bera saman fjölda innlendra og innflytjenda í mismunandi atvinnugreinum.
Hér eru frekari upplýsingar á ÍSAT2008: <https://hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf>
- ÍSMENNT2011: Menntun einstaklinga í gagnasafninu var flokkuð eftir menntaflokkuninni ÍSMENNT2011 sem byggir á alþjóðlegu flokkunarkerfi UNESCO fyrir menntun, ISCED2011. Flokkunarkerfið er niður á tvo stafi en í rannsókninni var aðeins fyrsti stafur menntaflokkana notaður og þeir sameinaðir á þann hátt að ÍSMENNT flokkar 1 og 2 (barnaskólamenntun og grunnskólamenntun) voru flokkaðir saman og notaðir sem viðmiðunarhópur í greiningum rannsóknarinnar. Þá voru ÍSMENNT flokkar 3, 4 og 5 (framhaldsskólamenntun, viðbótarstig og stutt nám í háskóla) voru flokkaðir saman undir heitinu framhaldsskólapróf. Háskólamenntun til bakkalársgráðu var sér flokkur en meistaraþráða og doktorspróf voru í sama flokki.
Frekari upplýsingar um ÍSMENNT2011 má sjá hér: <https://hagstofa.is/media/50388/ismennt2011.pdf>

3.3 Umfang efnis - þekja

Rannsóknin byggir á launarannsókn Hagstofunnar en gögn úr henni eru auðguð með öðrum gögnum Hagstofunnar svo sem lýðfræðiupplýsingum, menntaupplýsingum og upplýsingum úr staðgreiðslugögnum. Launarannsóknin nær aðeins til þeirra launagreiðenda þar sem starfa fleiri en 9 starfsmenn. Árið 2017 störfuðu 86% innflytjenda í slíkum fyrirtækjum en 82% innlendra.

Við greiningu á launamun eftir bakgrunni var notað svokallað deiliúrtaki úr launarannsókn Hagstofunnar, þar sem sett voru skilyrði um fjölda innflytjenda í tilteknu starfi. Þetta var gert til að tryggja lágmarksfjölda innflytjenda í þeim störfum sem voru notuð til grundvallar greiningunni. Lagt var upp með að lágmarki 20 einstaklingar væru í hverju starfi sem valið var í greiningarsafnið og að hlutfall innflytjenda í hverju starfi væri á bilinu 10-90%. Rannsóknin náði til 86 starfa sem finnast í launarannsókn Hagstofunnar. Rannsóknin byggir á 215.000 athugunum á launum eftir bakgrunni á tímabilinu 2008-2017. Að meðaltali voru 6.064 athuganir á launum innflytjenda í gögnum rannsóknarinnar á þeim árum sem rannsóknin nær til. Á þessu sama tímabili voru að meðaltali 20.773 athuganir á launum innlendra í gögnunum.

Launarannsókn Hagstofunnar er úrtaksrannsókn sem byggir á lagskiptu úrtaki eftir atvinnugreinum. Við gerð gagnasafns fyrir greiningu á launamun eftir bakgrunni voru notuð gögn fyrir sömu atvinnugreinum og í hefðbundnum hagtölum um launatölfræði, sem byggja á atvinnugreinum sem hafa verið að fullu eða mestu innleiddar í launarannsókn. Að auki voru notuð tiltæk gögn launarannsóknar úr öðrum atvinnugreinum. Þannig var þekjan aukin með því að nota öll þau störf sem fullnægðu skilyrðunum um lágmarks fjölda einstaklinga. Því náði þekja deiliúrtaksins bæði til atvinnugreina sem eru að fullu og að hluta til í úrtaki launarannsóknarinnar. Að neðan má sjá yfirlit yfir þær atvinnugreinar sem deiliúrtakið náði til

Að fullu í úrtaksramma deiliúrtaksins

- Framleiðsla (C)
- Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
- Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)
- Flutningar og geymsla (H)

- Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)

Að hluta til í úrtaksramma deiliúrtaksins

- Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N)
- Fræðslustarfsemi (P)
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)
- Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R)

Ekki með í úrtaksramma deiliúrtaksins

- Námugróftur og vinnslá hráefna úr jörðu (B)
- Fasteignaviðskipti (L)
- Félagssamtök og önnur þjónustustarfsemi (S)
- Atvinnurekstur innan heimilis (T)
- Starfsemi stofnanna og samtaka með úrlendisrétt (U)
- Óþekkt starfsemi (X)

Í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum nær úrtakið til starfsfólks útgerða sem vinnur í landi. Í upplýsingum og fjarskiptum vantar upplýsingar um smærri fyrirtæki og fyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi nær úrtakið eingöngu til starfsemi arkitekta og verkfræðinga. Í rekstri gististaða og veitingarrekstri nær úrtakið eingöngu til fárra stórra fyrirtækja í veitingarekstri. Í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu eru eingöngu fá stór fyrirtæki í úrtaki. Í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu, og menningar-, íþróttar og tómstundastarfsemi nær úrtakið eingöngu til opinberra starfsmanna.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Reglulegt tímakaup: Summa grunndagvinnulauna auk reglulegra uppgerðra greiðslna (vaktaálag, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur og bónusgreiðslur). Þessi upphæð er deilt niður á fjölda dagvinnustunda. Þetta hugtak er sambærilegt við regluleg laun í útgáfu Hagstofunnar og þeim launum sem liggja til grundvallar við útreikning á vísitölu launa.

Innflytjendur: Einstaklingar sem er fæddur erlendis og eiga foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur.

Innlendir: Einstaklingur sem er með einhvern íslenskan bakgrunn. Undir þennan hópa fellur önnur kynslóð innflytjenda (einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur), þeir sem eiga eitt foreldri með íslenskan bakgrunn, þeir sem fæddust erlendis en eiga foreldra sem báðir eru fæddir á Íslandi, auk þeirra sem eru fæddir hérlandis og hverra foreldrar eru báðir fæddir á Íslandi.

Leiðréttur og óleiðréttur launamunur: Leiðréttur launamunur er þegar munur á launum tveggja hópa er skoðaður sem hallastuðull í aðhvarfsgreininar þar sem tölfræðilega er tekið tillit til ýmissa annarra þátta í líkaninu. Í hugtakinu felst að reynt er að leiðrétta eða stjórna fyrir áhrifum ýmissa mældra þátta á laun. Óleiðréttur launamunur er sá munur sem kemur fram á milli tveggja hópa án þess að nokkuð sé gert til að útskýra hann á nokkurn hátt eða stjórna fyrir áhrifum þess að hóparnir séu ólíkir innbyrðis.

Skýrður og óskýrður launamunur: Hægt er að kanna með tölfræðilegum aðferðum að hvaða marki launamunur milli tveggja hópa skýrist af mismunandi eiginleikum hópanna sem leiðrétt var fyrir með tilteknu líkani. Í grófum dráttum merkir það að skoðað er hvaða laun hópur A ætti að hafa að jafnaði ef hann hefði sömu eiginleika og hópur B, til dæmis menntun, starfsreynsla og svo framvegis. Að því marki sem launamunur hópanna hverfur við þetta er talað um skýrðan launamun. Sá launamunur sem stendur eftir er þá nefndur óskýrður launamunur og er hann talinn tengjast því hvorum hópnum viðkomandi tilheyrir. Til dæmis ef í ljós kemur að hópur A er með 100 krónur að meðaltali í tímakaup en hópur B er að meðaltali með 20% hærra tímakaup eða 120 krónur. Í ljós kemur að aukin starfsreynsla, menntun og aðrir eiginleikar einstaklinganna í hópi B skýrir aðeins um helming af hærra tímakaupi þeirra, þá er gengið út frá því að hinn helmingurinn stafi af því að viðkomandi tilheyrir hópi B en ekki hópi A og það, í sjálfu sér, veldur því að viðkomandi er með hærra tímakaup. Vert er að hafa í huga að greining af þessu tagi verður aldrei betri en gögnin og líkanið sem notuð eru við framkvæmd hennar. Ef mikilvæga áhrifaþætti launa vantar í

Lýsigögn

greininguna þá munu niðurstöðurnar benda til þess að um sé að ræða óskýrðan launamun – en ef viðkomandi áhrifaþættir hefðu verið tiltækir hefðu niðurstöðurnar bent til þess að hærra hlutfall launamunarins væri skýrður.

3.5 Hagskýrslueining	Hagskýrslueining rannsóknarinnar eru einstaklingar.
3.6 Þýði	Þýði rannsóknarinnar eru launþegar á íslenskum vinnumarkaði sem starfa hjá fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 9 starfsmenn.
3.7 Svæði	Rannsóknin beinist að launafólki sem var búsett á Íslandi og fékk greidd laun frá innlendum launagreiðendum.
3.8 Tímabil	Gögn rannsóknarinnar ná yfir tímabilið 2008 – 2017.
3.9 Grunntímabil	-
4. Mælieining	
4. Mælieining	<p>Reglulegt tímakaup (RTK). Með því að nota tímakaup sem mælieiningu er þess freistað að fá verð fyrir magneiningu með því að reikna laun niður á greiddar stundir.</p> <p>RTK er núvirt við vísitölu neysliverðs fyrir hvert ár gagnasafnsins, og eru á verðlagi ársins 2017.</p>
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Gögnin eru á mánaðargrunni og ná yfir alla mánuði þeirra ára sem fjallað er um í rannsókninni. Við úrvinnslu er reiknað meðal árskaup byggt á mánaðargögnum.
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna: https://hagstofa.is/media/43950/Reglur-umme%C3%B0fer%C3%B0-tr%C3%BAna%C3%B0argagna.pdf

7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Allar birtar niðurstöður er á formi fjöldatalna eða niðurstöður úr líkönum. Sáralítill hætta á rekjanleika er til staðar í birtum niðurstöðum.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	-
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraaetlun/
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Um er að ræða einskíptis rannsókn sem ekki er fyrirhugað að endurtaka að svo stöddu. Því er ekki gert ráð fyrir frekari birtingum.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynning var birt um rannsóknina þegar niðurstöður hennar voru gefnar út í hagtíðindahefti. Þar sem um er að ræða einskíptis rannsókn sem ekki er fyrirhugað að endurtaka er ekki gert ráð fyrir frekari birtingum.
10.2 Útgáfur	Niðurstöður um launamun eftir bakgrunni voru birtar árið 2019. Ekki er gert ráð fyrir að endurtaka rannsóknina að svo stöddu.
10.3 Gagnasöfn á netinu	Engin gagnasöfn um niðurstöður rannsóknarinnar er að finna á netinu.
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar. Sjá hér: https://hagstofa.is/thjonusta/gogn-til-visindarannsokna/
10.5 Annað	-

10.6 Skjöl um aðferðafræði	<p>Þar sem rannsóknin var unnin á sambærilegan máta og fyrri rannsóknir Hagstofunnar á launamun eftir kyni er hægt að glöggva sig frekar á aðferðafræðilegum þáttum rannsóknarinnar í skýrslu um greiningar sem gerðar voru í tengslum við rannsókn á launamun kynjanna í febrúar 2010:</p> <p>https://hagstofa.is/media/43074/launamunur_kynjanna_lokaskyrsla.pdf</p>
10.7 Skjöl um gæðamál	Engin skjöl um gæðamál hagtalnanna eru tiltæk.
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0c8d9584-87fd-4934-b8c6-8d9ec40ee881
11.2 Gæðamat	
12. Notagildi	
12.1 Þarfir notenda	Rannsóknin var gerð að beiðni Velferðarráðuneytisins og byggir á samningi milli Hagstofunnar og ráðuneytisins sem var undirritaður þann 12. september 2018. Rannsókninni er ætlað að uppfylla þarfir ráðuneytisins (og þá sérstaklega innflytjendaráðs) fyrir upplýsingar um launamun milli innflytjenda og innlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.
12.2 Ánægja notenda	Engar mælingar hafa verið gerðar á ánægju notenda.
12.3 Heildstæðni	-
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	
13.1 Nákvæmni	Þar sem Launarannsókn Hagstofunnar byggir á úrtaki launagreiðenda eru niðurstöður alltaf háðar óvissu. Erfitt er að greina mjög smáa hópa í úrtakinu sem eykur óvissuna við að meta stöðu þessara hópa..
13.2 Úrtaksvillur	Í greiningunni eru úrtaksvillur metnar með staðalvillu fyrir hallastuðla í aðhvarfsgreiningarlíkönunum. Því stærri sem

Lýsigögn

staðalvillan er, því lakari er nákvæmni viðkomandi hallastuðuls. Í flestum tilfellum stafar stór staðalvilla af því að um er að ræða fámennan hóp launafólks sem er að baki niðurstöðunum.

13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)	Um er að ræða stórt gagnasafn þar sem gögnum er safnað beint frá launagreiðendum með rafrænum hætti. Því eru áhrif mælivillu og brottfallsvillu á niðurstöður hverfandi. Þekja gagnasafnsins er með ágætum en ákveðnar atvinnugreinar þar sem starfandi er stór hópur innflytjenda tilheyri þó ekki úrtaki hennar.
14. Tímanleiki og stundvísi	
14.1 Tímanleiki	-
14.2 Stundvísi	-
15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	Um er að ræða séríslenska rannsókn. Ekki er vitað til hvort aðrar sambærilegar rannsóknir hafi verið framkvæmdar annars staðar í heiminum eða að hvaða marki niðurstöður þeirra eru sambærilegar við niðurstöður þessarar rannsóknar.
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	Beiting sömu aðferða og skilgreininga yfir tíma tryggir samanburðarhæfni gagnanna.
15.3 Samræmi – milli efnissviða	Samskonar skilgreiningum og flokkunarkerfum er beitt við hagtölugerð annarra efnissviða.
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	Samskonar skilgreiningum og flokkunarkerfum er beitt við hagtölugerð innan efnissviðsins.
16. Kostnaður og svarbyrði	
16. Kostnaður og svarbyrði	-
17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.
17.2 Endurskoðun hagtalna -	-

framkvæmd

18. Úrvinnsla hagskýrslna

18.1 Grunnöggn

Grunngögn rannsóknarinnar koma úr Launarannsókn Hagstofu Íslands.

18.2 Tíðni gagnasöfnunar

Gagnasöfnun launarannsóknar Hagstofu Íslands fer fram mánaðarlega.

18.3 Gagnasöfnun

Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í úrtaki skila mánaðarlega stöðluðum upplýsingum á rafrænu formi um alla starfsmenn sína til Hagstofunnar. Fjársýsla ríkisins skilar heildargögnum um alla starfsmenn ríkisstofnana sem fá greidd laun í gegnum hana. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað og greiddar stundir, auk ýmissa bakgrunnspáttu starfsmanna og launagreiðenda.

18.4 Sannprófun

Sannprófun gagnanna fer fram í eftirvinnsluferlum launarannsóknarinnar. Hver gagnaskrá sem Hagstofan tekur á móti mánaðarlega er sannprófuð út frá skráðum sannprófunarreglum. Þegar reglurnar eru ekki uppfylltar þarf í mörgum tilvikum að sannreyna breytingar með því að hafa samband beint við viðkomandi launagreiðanda. Í endanlegri gagnaskrá launarannsóknarinnar hafa færslur verið sameinaðar þannig að ein færsla er fyrir hvert ráðningarsamband. Ráðningarsamband er skilgreint sem launamaður, starf, fyrirtæki og atvinnugrein á hverjum mánuði.

18.5 Gagnavinnsla

Til að freista þess að meta launamun eftir bakgrunni voru fimm mismunandi líkön reiknuð.

Líkan eitt (Generalized least squares – random effects; GLS-RE):

Til að skoða nánar launamun milli innflytjenda og innlendra var gerð nákvæm greining á einstaklingaáhrifum. Einstaklingsáhrif fela í sér að einstaklingar hafa mismunandi eiginleika sem ekki eru metnir með beinum hætti. Dæmi um slíka eiginleika eru hæfni, geta og framleiðni. Í gagnasafni þar sem margar mælingar geta verið til staðar fyrir einn og sama einstaklinginn á mismunandi tímapiðum (slíkt er jafnan nefnt óvegið langsniðsgagnasafn) er hægt að skoða breytileika einstaklinga yfir tíma en þannig er hægt að leiðrétta fyrir áhrifum þátta sem skýribreytur líkansins ná ekki yfir og draga þar með úr skekkju vegna þeirra. Ítrekaðar mælingar á sömu einstaklingum bætir enn fremur nákvæmni matsins. Þar sem rannsóknin byggir á langsniðsgögnum var mögulegt að gera slíka greiningu. Auk þess sýndu niðurstöður kenningarprófs til þess að slík einstaklingaáhrif væru til staðar í gagnasafninu. Til að nýta sér þessa eiginleika gagnasafnsins, og byggt á niðurstöðum frá kenningarprófinu, var ákveðið að nota sérstaka tegund af

aðhvarsgreiningu sem nefnist Generalized least squares - random effects eða GLS-RE.

Líkan tvö (GLS-RE, takmarkað safn breyta):

Í líkani tvö var aðeins leiðrétt fyrir þáttum sem voru nefndir í álitsgerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá árinu 2013. Þessir þættir eru starf, starfshlutfall, vinnutími, menntun, aldur/starfsaldur. Í álitsgerðinni er gert ráð fyrir því að einnig sé stjórnað fyrir áhrifum atvinnugreina á laun. Af tölfræðilegum ástæðum voru atvinnugreinadeildar ekki notaðar í rannsókninni, og að þeim sökum er greiningin ekki í fullu samræmi við álit ráðuneytisins. Í gögnum rannsóknarinnar voru sum störf aðeins í einni atvinnugreinadeild, sem gerir það að verkum að greining á áhrifum atvinnugreina bætir litlu við. Þessa ályktun studdu einnig tölfræðileg próf sem sýndu að besta líkanið væri líkan án atvinnugreina. Að lokum eru störf hreiðruð í atvinnugreinum, sem kallar á flóknari tölfræðiúrvinnslu og en stuðst var við í þessari rannsókn. Að auki var í álitsgerðinni fjallað um kyn, en markmið álitsgerðarinnar var að fjalla um launamun kynjanna, á meðan markmið þessarar rannsóknar var að fjalla um launamun eftir bakgrunni. Því var kynjabreytunni skipt út fyrir bakgrunns breytuna. Sama gerð aðhvarfsgreiningar var notuð og í líkani eitt.

Líkan þrjú (Generalized Least Squares – Fixed Effects, GLS-FE):

Í líkönum eitt og tvö er unnið út frá þeirri forsendu að engin fylgni sé milli einstaklingsáhrifa og þeirra skýribreyta sem eru notaðar í líkaninu. Þetta var prófað með kenningarprófi Hausmans. Þar sem niðurstaðan prófsins var marktæk er ekki hægt að slá því föstu að engin fylgni sé til staðar milli einstaklingsáhrifa og skýribreyta líkansins. Í raun þýðir þetta að einhverjir óskýrðir þættir tengjast skýribreytum líkansins. Til dæmis má gera ráð fyrir að hluti óskýrðra þátta sé almenn hæfni starfsmanna sem hefur líklega áhrif á starfsval hans og menntun – en hins vegar er engin bein mæling á hæfni viðkomandi starfsmanns í gagnasafninu. Þetta leiðir til bjaga í niðurstöðum líkansins. Til að leiðrétta fyrir þessu var notuð aðferð sem veltur ekki á þessari forsendu. Líkan með föstum áhrifum (e. Generalized Least Squares; Fixed Effects – GLS-FE) býr yfir þessum eiginleikum þar sem einstaklingsáhrifin eru þar í raun innbyggð í skýribreytur líkansins.

Líkanið hefur þó þann vankanta, andstætt líkani með slembiáhrifum, að ekki er hægt að meta áhrif af breytum sem hafa sama gildi, eru óbreyttar, yfir tíma. Af því leiðir að líkan með föstum áhrifum hentar illa til að meta launamun eftir bakgrunni, þar sem sá sem telst til innflytjenda eða innlendra breytist ekki frá ári til árs. Auk þess er ekki hægt að leggja mat á aðrar breytur, svo sem kyn, sem eiga það til að vera óbreytilegar milli ára. Af þessum sökum var í þessari rannsókn ekki hægt að taka með sumar skýribreytur í þetta líkan sem voru með í fyrri líkönum, þar meðtalin ártöl, kyn og 13 störf. Hægt er hins vegar að leggja mat á með viðunandi nákvæmni áhrif mismunandi skýribreyta fyrir

innflytjenda annars vegar og bera það saman við skýribreytur innlendra hinsvegar. Þessi aðferð var notuð fyrir líkan þrjú.

Líkan fjögur (GLS-RE, eingöngu fyrir innflytjendur):

Fjórða líkanið tekur mið að því að innflytjendur eru ekki einsleitur hópur. Í þessu líkani eru auk þáttana í fyrsta líkaninu skoðaðir þættir sem eiga bara við um innflytjendur, svo sem hversu lengi þeir hafa dvalið á Íslandi, hvort makar þeirra séu einnig innflytjendur, og frá hvaða fæðingarsvæði þeir koma. Þetta er gert til þess að meta hversu mikil áhrif þessir þættir hafa á laun innflytjenda. Þessir útreikningar byggja því aðeins á upplýsingum frá innflytjendum. Notuð er sama gerð af aðhvarfsgreiningu og í líkani eitt.

Líkan fimm (GLS-RE og aðferð Oaxaca):

Líkan fimm byggir á líkani eitt þar sem skoðaðir voru þættir sem eru almennt taldir hafa áhrif á laun, óháð bakgrunni. Til dæmis eru menntun, aldur, ábyrgð, reynsla og vinnutími allt þættir sem vitað er úr fyrri rannsóknum að hafi áhrif á laun. Munurinn á hvernig þessir þættir hafa áhrif á laun innlendra og innflytjenda er svo sundurliðaður. Sundurliða má launamun með aðferð Oaxaca sem er algeng við mælingar á launamismun hópa. Aðferðin felst í sundurliðun launamunar í skýrðan og óskýrðan launamun. Skýrður launamunur segir hversu stór hluti launamunar skýrist af þáttum (skýribreytum) í líkaninu en óskýrður stendur fyrir launamun sem ekki verður skýrður með þessu tiltekna líkani. Í rannsókninni voru gögn allra ára (2008 – 2017) sett í eitt líkan til að fá yfirlit yfir heildartölu skýrðs og óskýrðs launamunar yfir tímabilið.

18.6 Aðlögun

19. Athugasemdir

19. Athugasemdir